LANDVERND

Iðnaðarnefnd Alþingis
b.t. Stefán Guðmundsson, formaður,
Alþingi
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 123/481
komudagur 8.12.'98

04.12.1998

Efni: Þingsályktunartillaga um sjálfbæra orkustefnu.

Með bréfi dags. 25. nóvember s.l. sendi iðnaðarnefnd Alþingis Landvernd til umsagnar þingsályktunartillögu um sjálfbæra orkustefnu, 12. mál.

Þingsályktunartillagan var til umfjöllunar á stjórnarfundi Landverndar 30. nóvember s.l.

Stjórn Landverndar styður það efni tillögunnar að undirbúin verði sjálfbær íslensk orkustefna og tekur undir þau markmið sem sett eru fram í liðum a., b. og c.

Stjórn Landverndar leggur áherslu á mikilvægi þess að undirbúa slíka sjálfbæra íslenska orkustefnu óháð því hvort eða hvenær Ísland gerist fullgildur aðili að Kyoto-bókuninni frá 12. desember 1997. Sama gildir um hvort fresta skuli að ráðast í nýjan orkufrekan iðnað og/eða fresta því að innleiða hér reglur Evrópusambandsins um innri markað í raforkumálum. Sjálfbær íslensk orkustefna er engu að síður nauðsynleg hvort sem þessu verður frestað eða ekki.

Með vinsemd og virðingu.

F.h. Landverndar

Jón Helgason

Jón Helgason, formaður,

LANDGRÆÐSLU- OG NÁTTÚRUVERNDARSAMTÖK ÍSLANDS
Skólavörðustíg 25, 101 Reykjavík Sími: 552 5242 / 562 5242 Fax: 562 5242 Netfang: landvernd@centrum.is